

## Samkomulag

um breytingu á kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands og 365 hf. dags. 17. nóvember  
2015

### 1. gr.

Samkomulag þetta byggir á forsendum rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins dags.  
27. október 2015 og kjarasamningi SA, ASÍ og aðildarsamtaka ASÍ frá 21. janúar 2016.

Á þeim grundvelli verða eftirfarandi breytingar á samningi aðila:

### 2. gr.

Í stað launahækkunar 1. maí 2016 kemur launahækkun þann 1. janúar 2016 sem nemur  
6,2%, að lámarki kr. 15.000 á mánuði fyrir dagvinnu.

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun.

1. maí 2018: 3,0% almenn launahækkun.

### 3. gr.

Um iðgjöld til lífeyrissjóða fer samkvæmt samningi SA og ASÍ frá 21. janúar 2016.

Njóti starfsmaður hærra mótframlags í lífeyrissjóð verður ekki breyting á því en um ráðstöfun  
iðgjalds fer að öðru leyti skv. samningi SA og ASÍ.

Reykjavík, 22. mars 2016

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



F.h. SA / 365 hf.

